

E 4/2022

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærninefndin
Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Skrifleg fyrirspurn um endurnýtingu á glertrefjum á Norðurlöndum

Norræna sjálfbærninefndin hefur fjallað um svar ráðherranefndarinnar við fyrirspurn um endurnýtingu á glertrefjum á Norðurlöndum (E 9/2021) og telur að álitamáluðum hafi ekki verið svarað svo að fullnægjandi sé. Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn borin fram:

- Hyggst Norræna ráðherranefndin gera endurvinnslu á vindrelluspöðum (trefjablöndunni) að sérstöku úrvinnslusviði í viðkomandi starfshópum ráðherranefndarinnar í ljósi þess hve vandinn er umfangsmikill, þar sem helstu trefjaglersframleiðendum, rannsóknarstofnunum á sviðinu og ef til vill endurvinnslufyrirtækjum sem endurvinna trefjagler verður boðin þátttaka í því að þróa og stuðla að endurvinnslu trefjaglers?

Norræna sjálfbærninefndin samþykkti tillögu um endurnýtingu á vindrelluspöðum sem ekki eru endurunnir eins og sakir standa. Vandinn við endurnýtingu á vindrelluspöðum vex eftir því sem grænum umskiptum fleygir fram og niðurrif á úreltum vindrellum eykst. Nú er ljóst að ekki þarf aðeins að endurnýta vindrelluspaðana heldur trefjaglerefni almennt.

Rétt eins og þegar um endurnýtingu á plasti er að ræða gera mismunandi framleiðendur mismunandi kröfur um aflfræðilega eiginleika trefjaglerefnisins auk þess sem þeir hafa hag af því að framleiðslufni þeirra sé endurnýtt. Jafnvel þótt ekki væri hægt að endurnýta vindrelluspaða í nýja vindrelluspaða vegna mikils aflfræðilegs álags sem spaðarnir verða að þola gætu aðrir framleiðendur trefjaglervöru nýtt trefjagler úr vindrelluspöðum í sína framleiðslu.

Kaupmannahöfn, 4. febrúar 2022

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Ingalill Olsen (A)

Ketil Kjenseth (V)

Magnus Ek (C)

Simon Holmström (HI)

Saara-Sofía Sirén (saml)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Sofía Geisler (NGV)

Staffan Eklöf (SD)